landsmenn verzla þar beinlínis við útlenda stórkaupmenn, en hafa enga milliliði eða meðalgangara úr kaupmannaflokkinum hér landa, en fá vörurnar sendar beina leið frá „reiðaranum“ á hans kostnað og ábyrgð. Á þennan hátt fá þeir útlendu vöruna nokkuð ódýrari og er það að vísu kostur, en aptur á móti senda þeir sínar eigin vörur á sinn eigin kostnað og ábyrgð, og álít eg það aðalgallann á þessari verzlunaraðferð, jafnframt því sem íslenzka varan er þá stundum í lægra verði í kaupfélögunum en vanalega gjörist í verzlunum hér, annars er vafasamt hvort kaupfélögin eru til hagnaðar fyrir landsmenn eða ekki. Og læt eg þá útrætt um þetta mikla velferðarmál okkar Íslendinga, þótt margt fleira mætti um það rita, því miður er þessi grein mín, rituð í mesta flaustri og bið eg því lesendur Fjallfara að taka viljann fyrir verkið, og virða mér til vorkunnar þótt margt sé óskipulega fram sett í henni.

Kaupi.

Kemur út annan hvern Laugardag ekki minna en 6 (sex) þétt pappírsarkir í hvert sinn

Sveitarblað.

Uppsögn skrifleg bundin við sumarmál. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 25. Apríl næstkomandi

# Fjallfari

| 2. Ár. | 4. Kver. 3. Blað | №. 12. |
|---|---|---|

Veðramót Laugard. 12/4. 1902

Ritnefnd:

Björn Jónsson

Árni Björnsson

Þorbjörn Björnsson







# Lánleysinginn.

Áður en eg byrja eptirfarandi frásögu vil eg vara lesendurnar við að gjöra sér nýja háar vonir um, að þeir með því lesi mikið af uppbyggilegum fróðleik. Miklu fremur er hún rituð til þess að sýna mönnum og sanna, að þegar ólánið kemur verulega fyrir einhvern mann, þá sé „sjaldan ein bára stök". Þó er það ekki tilgangur minn að sýna með þessu hina svörtustu hlið mannlífsins, eða hvernig menn geta al-gjörlega vanmegnast undir byrði mót-lætinganna, því eg þykist þekkja hina vandlátlegu lesendur flesta, svo vel að þeir gagnteknir af tilfinningu fyrir bág-um kjörum einhvers manns er sagan greinir, hlýtur, að hryggjast og tapa þannig Páskagleði sinni, heldur vildi eg þvert á móti ofurlítið reyna að auka hana, með því að gefa þeim tækifæri

til að hlusta á skringisögu
Maður sá er sagan greinir einkum
frá bjó í Pétursborg á Rússlandi. Hann
var mikill maður vexti, og álitinn að
hafa líkamsburði á við tvo meðalmenn
fremur dulur og fámálugur, og hversdagslega
mjög geðlyndur, og gæfur í skapi. En þeir
sem þekktu hann bezt, kváðu hann fremur
ur öðrum mönnum einkennil. í
háttum sínum, og þá sjaldan hann
reiddist þá gæti reiðin afskapleg, og gæti
þá opt haft mjög illar afleiðingar, einkum
um ef slíkt kom fyrir úti á stræt-
um þar sem mannmargt var. Sagan
greinir frá einni af leitingum af einu
þesshattar kasti, að hann var leiddur
fyrir <u>dómarann</u>, þar sem hann var
ákærður fyrir óspektir á strætunum
og áverka og meiðsl á mönnum og dýr-
um. Skoraði dómarinn á hann
að fara fram ~~sta~~ vörn gegn ákær-
unum, ef nokkur væri, með sem



stystum en ljósustum orðum.
Hann byrjar þá á þessa leið: Í
gærkveldi gekk ég í hægðum mínum
eptir gangstéttinni, að vestanverðu
við Austurstræti og var að hugsa um
eitthvert mikilsvarðandi málefni,
þar til fyrir mér verður ákaflega stór
hattkúfur sem lá á stígnum. Ég verð
nú að vera svo hreinskilinn herra
dómari að segja frá því, að frá blautu
barnsbeini hefir ríkt hjá mér megnasta
hatur og ~~og~~ viðbjóður á þessu þrennu:
öllum ryskingum og óþrifum, kvenfólki
yfir höfuð, og gömlum höttum.
Ég gat því blátt áfram ekki látið
vera að sparka í þennan gamla og
ógeðslega hatt, en þá sparkaði ég
einnig í stóreflis blágrýtissteinn sem
var innan í hattinum, við þessa
óvæntu mótspyrnu féll ég ~~[illegible]~~ áfram
og kom í flasið á ákaflega stórri og

feitri en skrautklæddri kerlingu, en
og meiddi mig ekki. Hún féll við
lenti á nýju hanni stiga sem reist upp
við hús; hann rann út af pakk-
inni og lenti með hinn endann á hest-
sem var fyrir vagni. Hestarnir fæld-
ust og prjónuðu upp og svo ökumaðurinn
féll útur vagninum. Hann kom
ofan á hund sem trítlaði eftir stígn-
um, hundurinn meiddi sig í rófunni
og beit í fótinn á ökumanninum,
hann reiddist við og þreif upp stein-
inn sem skoltast hafði langa leið
undir hattinum, og ætlaði að gjalda
hundinum tilitið en hitti ekki, og stein-
inn kom af afarmiklu kasti í skarða
stigskrínna og brotnaði í þrjá parta
sem fóru með af miklum hraða sinni
hverja áttina. Einn molinn kastaðist
í háloft, og kom niður við fremri
enda á langri bryggju sem lá út í
ána (Devon) þar var maður að veiða stór-



an lax á dag, en um leið og fiskurinn
kom uppúr vatninu lenti steinninn á
öngullegginum svo laxinn losnaði
en maður sem neytti afls við dráttinn
þjóst ekki við þessum snögga létti
og féll útaf bryggjunni hinu megin, hann
þó á sundi til lands og hélt þegar í áttina
til mín, eins og þetta væri mér að kenna.
Annar molinn lenti á þaki á tómdum apaketti
er sat á biðlubi er gróður sett var við
húsgafl í rósagarði einum. Apinn féll
niður og kom nærlum ofan á höfuðið
á heftar meyjunni sem var á gangi þar
undir með unnusta sínum, hún
beið í óvit og hneig ofan á fallega rós er
plöntuð var þar til prýðis, og braut legg henn-
ar. Unnusta hennar hefir víst tekið
sárt til rósarinnar, því hann hélt þegar
af stað til mín, sem hann skelli
skuldinni á. Þriðji molinn fór skemmst
og inn um glugga hjá kryddmangara
einum, hann kom fyrstur út á stígnum

og ætlaði að berja mig með stokknum in-
um. Eg var blátt áfram orðinn ringlaður
af öllu þessu, og baðaði út handleggjun-
um, en kryddkarlinn var þá þá fyrir og rétt
á eftir varð eg var við að hann var kom-
inn ofan í göturennuna og eg ofan á
hann, þá sé eg hvar maðurinn sem
missti laxinn, kemur hlaupandi og hef-
ir keppta hnefa, eg hugsaði að þetta var
einhver sem ætlaði að myrða kryddmang-
arann, og vegna þess að eg er ætíð vernd-
ari þeirra lítilsigldu, þá ætlaði eg að fara
að telja um fyrir aðkomumanni, en
uppgötvaði þá (um leið og eg stóð upp) að eg sparkaði í andlitið á
kryddmangaranum. Eg hefi ef til vill
verið heldur ástur í fortölum mínum
því á meðan eg var að tala við aðkomu-
manninn fann eg að eitthvað ~~ft~~ var
á milli tanna mér, eg hrækti því út
úr mér í lófa minn, og sá að þetta var
nef. Eg heyri að þér ákærið mig fyrir að hafa
bitið nefið af manninum, en þarna



nú engri átt, því hvað átti hann
að ganga til þess, að fara með nefið uppí
mig meðan við vorum að tala þarna
saman. En það sýndist ekki. Hérna
kem eg með það hreint og þokkalegt
innaní bréfi því það sé fjarri mér að
ágirnast nef sem annara. Þarna kom í
nú víst einir 10 menn saman ofan-
um mig, og sýndist mér 2 af þeim
detta þarna á stignum og fótbrotna, og
einn leið í ómeg. Síðan réðust allir hinir
á mig og báru mig hingað, og stend eg
nú hér frammi fyrir yður herra dómari
sem ofurlítið barinn og misvirtur
sakleysingi.

Allir sem inni voru urðu sem
þrumu lostnir. Loksins rauf dómar-
inn þögnina, og kvaðst finna það skyldu
sína að dæma þennan ólánssama
saklausa mann í 2 mánaða betrun-
ar hús-vinnu.

H.

# Annáll

## frá árinu 18 hundruð og grænkál

…… Þá voru uppi þeir miklu
stjórnmálagarpar Bismarck, Bósi,
Sinnur, og Bósi, Kroppinbakur og Kinn-
hestur, og kepptu þeir allir um að
komast í þingmannasessinn, í
fylkinu Hannóver á Þýzkalandi
enda var þá ekki önnur atvinna
betur borguð en þingmennskan. Þá
brúkaði enginn róg og undirferli til
að sverta mótstöðumenn sína, heldur
bar hver fyrir öðrum sínum, með
svo miklum áhuga, ástríki og anda-
gift, að Andsk... varð hvergi vært, og
varð að flýja sig til Spitsbergen, þar
lifði hann á geitnaskóf og gambur-
mosa, og matarmagninu ýsuhausum
sem borist höfðu með sjávarstraumi
frá Íslandi, því þar var slíkt ekki
hirt — Þá hljóp Hafliði Vestgauta-



konungur á fund Rússakeisara, og
kærði fyrir honum að kona sín
hefði framhjá sér. Þá voru uppi
margir vaskleika menn á dögum
Gallín, enda lögðu þá allmargir
ungir menn stund á líkams æfing-
ar, svo sem glímur, kapphlaup í
kombaníi og fl. því um líkt, en öll
fótamenntun var þá niðurlögð
enda báru landsmenn djúpa fyr-
irlitningu fyrir slíku. Þá fór Anda-
jarl frá Kóngsgarði, á loptið þar til
sólarinnar og í þeirri för hitti hann
úlfinn Sköll. Þegar hann sá þetta
jarðneska ferlíki þá varð hann hræddur
og sleit sig lausan og rann austur
fyrir sólina, en um leið og hann
rann á milli hennar og jarðarinnar
varð sólmyrkvi um alla jörðina
Við þessu höfðu ekki rímspekingar-
nir búist og urðu þeir algjörlega
ruglaðir í ríminu, þar af leiddi

óreglu mikla í öllu tímatali, svo að Páskarnir færðust aftur fyrir hana Hvítasunnu; þegar myrkrinu létti af aftur varð birtan ofsterk fyrir þá sem augnveikir voru, og misstu þeir því sjónina, en ekki varð það til mikils skaða, því þeir sáu allt með sínum hugskotssjónum, og þótti sú sjón miklu hentugri, því með henni sást í gegnum alla hluti eins og þeir væru uppljómaðir af Röntgens geislum. — Þá voru svo miklir galdramenn á Íslandi, að enginn ís komst að ströndum landsins, og gufuskip gengu í kringum það allan veturinn. — Þá voru byggðir loftkastalar undir umsjón sýslumanna, og lagðar járnbrautir á milli þeirra. Þá hló marbendill.

N. N.

